

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2023

Efni: Umsögn um grænbók um sjálfbært Ísland

Vísað er til draga að grænbók um sjálfbært Ísland sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda þann 17. apríl síðastliðinn og óskað var eftir umsögnum.

Eins og fram kemur í umsagnarbeiðninni í samráðsgáttinni leggur grænbókin grunn að mótun stefnu um sjálfbæra þróun á Íslandi til næstu ára. Reikningsskilaráð hefur kynnt sér drögin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Þýðingarmiklar breytingar á upplýsingagjöf í ársreikningi um sjálfbæra atvinnustarfsemi eru framundan fyrir íslenskt atvinnulíf. Auk krafna um umfangsmeiri upplýsingar verður einnig gerð sú krafa að óháður aðili staðfesti sjálfbærniupplýsingar.

1. Flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar og upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (EU Taxonomy og SRFD)

Í kafla 3.5.3. í grænbókinni er fjallað um flokkunarkerfi (EU Taxonomy) til að skilgreina sjálfbæra atvinnustarfsemi.

Flokkunarkerfi til að skilgreina sjálfbærar fjárfestingar var innleitt í íslensk lög þann 3. maí 2023 (lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar).

Lögin öðlast gildi 1. júní 2023 og þar af leiðandi þarf að birta upplýsingarnar í ársreikningum fyrir árið 2023. Í 1. gr. laganna er fjallað um gildissvið þeirra, en auk þeirra aðila sem taldir upp í 1. mgr. 1. gr. ná lögin einnig til þeirra félaga sem eru skilgreind sem stór félög skv. lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og félaga sem skilgreind eru sem einingar tengdar almannahagsmunum, sbr. 2. mgr. 1. gr.

2. Sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja (CSRD)

Eigi síðar en 6. júlí 2024 verða innleidd hér á landi ákvæði tilskipunar ESB 2022/2464 um sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja (CSRD) eða tilskipun 2022/2464 frá 14. desember 2022 en aðildarríkin innleiða tilskipunina í lög fyrir 6. júlí 2024

Ákvæðum tilskipunarinnar er ætlað að auka gagnsæi og tryggja að fyrirtæki veiti með heildstæðum hætti upplýsingar um árangur á sviði sjálfbærni, óefnislega virðisþætti og hvernig viðskiptamódel er háð þessum þáttum, byggt á stöðlum (ESRS - European

Reikningsskilaráð

Sustainability Reporting Standards) sem gefnir hafa verið út af EFRAG. Upplýsingarnar skulu ná til allrar virðisakeðju (ekki bara aðfangakeðju) viðkomandi fyrirtækis og vera hluti af stjórnendaupplýsingum sem stjórn skal staðfesta í skýrslu sinni í ársreikningi. Ákvæði tilskipunarinnar um sjálfbærniupplýsingar í ársreikningi munu eftir því sem við á einnig ná til reikningsskila opinberra aðila og sveitafélaga.

Mikil þróun á sér stað á alþjóðavísu er varðar sjálfbærniupplýsingagjöf. Til dæmis vinnur Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) einnig að þróun staðla um sjálfbærniupplýsingagjöf (ISSB) ásamt því að von er á fleiri Evrópureglugerðum um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja sem munu hafa áhrif hér á landi. Sem dæmi má nefna CSDDD (Corporate Sustainability Due Diligence Directive) sem fjallar um sjálfbæra og ábyrga hegðun fyrirtækja, stjórnarhætti og hlítinu við mannréttindi og umhverfismál í rekstri fyrirtækja og auk þess er von er á annarri flokkunarreglugerð (EU Taxonomy) sem leggur áherslu á flokkun á atvinnustarfsemi út frá félagslegum þáttum.

Ljóst er að mikil vegferð er framundan í upplýsingagjöf sjálfbærnimála sem færir reikningsskil sjálfbærni að þeim kröfum sem við þekkjum gagnvart fjárhagslegum reikningsskilum og er langtímamarkmiðið að tryggja að fjármál fyrirtækja og sjálfbærni verði í reynd samofin.

Reikningsskilaráð telur mjög viðeigandi að grænbókin fjalli ítarlegar en gert er um þessar viðamiklu breytingar sem framundan eru.

Virðingarfyllt,

Reikningsskilaráð

Jóhanna Áskels Jónsdóttir

Elín Hanna Pétursdóttir

Unnar Friðrik Pálsson

Signý Magnúsdóttir

Sigurjón Guðbjörn Geirsson